



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 20. október 2022

Efni: Umsögn félagsins Femínísk fjármál um tillögu til þingsályktunar um sveigjanlega tilhögun á fæðingar- og foreldraorlofi, 214. mál.

Félagið Femínísk fjármál leggst alfarið gegn tillögu um þingsályktun um sveigjanlega tilhögun á fæðingar- og foreldraorlofi, sem felur í sér að Alþingi álykti að fela ráðherra að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um fæðingar- og foreldraorlof þess efnis að foreldrum verði tryggður sameiginlegur réttur til tólf mánaða fæðingarorlofs sem þau geti skipt með sér á 24 mánaða tímabili.

Markmið laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 144/2020 er skýrt; að tryggja barni samvistir við báða foreldra og að gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Við undirbúning lagasetningarinnar kom fram að samkvæmt því fyrirkomulagi sem var áður í gildi þá nýttu 90% mæðra allan sameiginlega réttinn og aðeins um 10% feðra nýta eitthvað af sameiginlega réttinum. Það er því ljóst að sameiginlegar 12 mánaða réttur til fæðingarorlofs verður ekki til þess fallin að auka þátttöku feðra. Í greinargerð tillögunnar kemur fram að flutningsmönnum er umhugað um réttindi barnsins til umönnunar, og í því samhengi vill félagið minna á að allir foreldrar eiga rétt á fæðingarorlofi með börnunum sínum rétt eins og börn eiga rétt á umönnun beggja foreldra. Núgildandi fyrirkomulag, þ.e. 6 mánaða sjálfstæður og jafn réttur foreldra, með heimild til að framselja sex vikum á milli foreldra, er til þess fallið að stuðla að jafnari þátttöku og jafnari ábyrgð beggja foreldra, sem og rétti barna til að njóta samvista við báða foreldra.

Jafn sjálfstæður réttur foreldra hefur víðtæk áhrif á stöðu og tækifæri kynjanna á vinnumarkaði. Núgildandi fyrirkomulag getur átt þátt í því að jafna aðstöðumun karla og kvenna á vinnumarkaði, draga úr kynbundnum launamun og hafa áhrif á tækifæri til starfsþróunar og lífeyrisréttindi í framtíðinni. Fæðingarorlofskerfi sem hvetur til lengri fjarveru kvenna frá vinnumarkaði stuðlar að veikari stöðu þeirra á vinnumarkaði, fjárhagslegu óöryggi kvenna og eykur hættu á að þær verði fjárhagslega háðar maka sínum. Jafn sjálfstæður réttur foreldra styrkir stöðu feðra gagnvart vinnuveitanda til að taka fæðingarorlof. Þrátt fyrir að réttarstaða foreldra til fæðingarorlofs sé skýr þá sýnir rannsókn Norrænu ráðherranefndarinnar að sumir feður upplifa ýmsar hindranir á vinnumarkaði, s.s. neikvæð viðmót yfirmanna við að nýta sameiginlegan rétt foreldra til orlofs. Vinna þarf gegn ríkjandi hugmyndum um karla sem fyrirvinnur, sem kemur í veg fyrir möguleika þeirra til að samræma



fjölskyldu- og atvinnulíf. [Rannsóknir](#) sýna að orlofstaka feðra hefur skilað sér í jákvæðum viðhorfum til þátttöku í öðrum verkefnum innan fjölskyldna. Jafn og sjálfstæður réttur foreldra getur því leitt til jafnari fjölskylduábyrgðar og verkaskiptingu innan heimilisins, en umönnunarskyldur hafa í gegnum tíðina hvílt meira á herðum kvenna en karla.

Í greinargerð með tillögunni er vakin athygli á áskorunum sem snúa að dagvistun barna eftir fæðingarorlof, en flutningsmenn tillögunnar telja að þær verði leystar með því að réttur til 12 mánaða fæðingarorlofs verði gerður sameiginlegur. Félagið Femínísk fjármál bendir á að sú fullyrðing haldi ekki vatni enda óljóst hvernig sú breyting geti brúað bilið milli fæðingarorlofs og dagvistunar, en í tillögunni er hvorki lagt til að ráðherra leggi fram frumvarp um lengingu fæðingarorlofsins né að ráðherra ráðist í aðgerðir til að bregðast við þeim vanda. Félagið kallar eftir aukinni áherslu stjórnvalda á að brúa bilið með aðgerðum, í samvinnu við sveitarfélög, sem raunverulega leiða til hagsbóta fyrir foreldra, börn og samfélagið allt.

Femínísk fjármál kallar einnig eftir að staða tekjulægstu einstaklinga samfélagsins verði styrkt og komið í veg fyrir að tekjuskerðing sem fylgir fæðingarorlofi auki hættu á að börn alist upp við fátækt. Viljum við ítreka fyrri kröfur um að farin sé blönduð leið á útreikningi á rétti foreldra til greiðslna í fæðingarorlofi líkt og starfshópur um mótun tillögu að framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum lagði til, þ.e. að auk hækkunar á hámarksgreiðslu sem tók gildi 1. janúar 2019 verði greiðslur sem samsvara lágmarkslaunum óskertar. Jafnframt leggur félagið til að fæðingarstyrkir til námsmanna og fólks sem staðið hefur utan vinnumarkaðar verði endurskoðaðir og hækkaðir.

Hagsmunum barna er til framtíðar best borgið með að skapa samfélag jafnréttis. Því skorar félagið Femínísk fjármála á Alþingi að hafna tillögu til þingsályktunar um sveigjanlega tilhögun á fæðingar- og foreldraorlofi nr. 214/153.

F.h. félagsins Femínísk fjármál
Auður Inga Rúnarsdóttir
Finnborg S. Steinþórsdóttir
Freyja Barkardóttir
Sigríður Finnbogadóttir
Steinunn Bragadóttir
Steinunn Rögnvaldsdóttir